# N1 hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

1. janúar til 31. mars 2018

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

# Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Eiginfjáryfirlit | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8-12 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstrartekjur félagsins fyrstu þrjá mánuði ársins námu 8.089 m.kr. sem er 14,2% hækkun frá sama tímabili árið áður. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri á tímabilinu 76 m.kr. en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags er heildarhagnaður félagsins 61 m.kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 13.873 m.kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 250 m.kr.

Samkeppniseftirlitið hefur undanfarna mánuði haft samkeppnisleg áhrif fyrirhugaðs samruna N1 og Festi til rannsóknar. Frummat Samkeppniseftirlitsins er að samruninn hafi að óbreyttu í för með sér röskun á samkeppni. N1 hefur lagt fram drög að skilyrðum sem félagið er tilbúið að undirgangast og telur þau skilyrði geta eytt mögulegum samkeppnishindrunum vegna samrunans.

Samkeppniseftirlitið hefur upplýst N1 um að ekki sé unnt að leggja fullnægjandi mat á tillögur N1 innan þess tíma sem eftir er af lögbundnum tímafresti málsins. Sökum þess ákvað stjórn N1 að afturkalla samrunatilkynningu vegna málsins og mun félagið í kjölfarið senda Samkeppniseftirlitinu nýja samrunatilkynningu og skilyrði.

Í ljósi þeirrar miklu vinnu sem þegar hefur verið lögð í málið af hálfu Samkeppniseftirlitsins standa vonir N1 til þess að frekari rannsókn Samkeppniseftirlitsins gangi hratt fyrir sig og að niðurstaða muni liggja fyrir fyrir lok 2. ársfjórðungs.

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 1.029 talsins, en þeir voru 1.158 í upphafi ársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru:

| | |
|---|---|
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 13,3% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild og B-deild | 11,6% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 9,3% |
| Lansdowne Icav Lansdowne Euro | 8,1% |
| Wellington | 7,0% |
| Birta lífeyrissjóður | 6,2% |
| Landsbréf | 6,1% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 4,6% |
| Kvika banki hf | 3,0% |
| Stapi lífeyrissjóður | 2,8% |

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2018 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem hún býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 25. apríl 2018

**Stjórn N1 hf.**

Margrét Guðmundsdóttir
Formaður

Helgi Magnússon

Kristín Guðmundsdóttir

Jón Sigurðsson

Þórarinn V. Þórarinsson

**Forstjóri**

Eggert Þór Kristófersson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 31. mars 2018

| | Skýr. | 2018<br>1.1.-31.3. | 2017<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| Sala | 8 | 7.983.187 | 6.977.970 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 5.700.904) | ( 4.672.727) |
| **Framlegð af vörusölu** | 9 | 2.282.283 | 2.305.243 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 105.504 | 102.757 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | | ( 1.094.175) | ( 1.065.124) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | | ( 467.325) | ( 422.438) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 425.763) | ( 399.433) |
| | | ( 1.987.263) | ( 1.886.995) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 400.524 | 521.005 |
| Afskriftir | | ( 247.869) | ( 242.962) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 152.655 | 278.044 |
| Fjármunatekjur | | 23.278 | 25.189 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 102.724) | ( 97.171) |
| Gengismunur | | ( 13.781) | 9.201 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 29.518 | 49.723 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | | ( 214) | 4.163 |
| | | ( 63.924) | ( 8.895) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 88.731 | 269.148 |
| Tekjuskattur | 10 | ( 12.303) | ( 44.205) |
| Hagnaður tímabilsins | | 76.429 | 224.944 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | |
| Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, | | | |
| en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning: | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | ( 15.428) | 6.185 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 61.001 | 231.129 |
| Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | | 0,31 | 0,90 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2018

| | Skýr. | 31.3.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | | 205.678 | 214.987 |
| Rekstrarfjármunir | | 16.870.359 | 16.940.226 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.853.737 | 1.839.908 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 15.453 | 15.668 |
| Skuldabréfaeign | | 116.437 | 120.914 |
| Fastafjármunir | | 19.061.664 | 19.131.703 |
| Birgðir | | 3.251.747 | 2.840.403 |
| Viðskiptakröfur | | 3.050.667 | 2.595.230 |
| Kröfur á tengda aðila | | 155.365 | 152.147 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 391.383 | 136.852 |
| Handbært fé | | 2.386.883 | 2.800.082 |
| Veltufjármunir | | 9.236.045 | 8.524.714 |
| **Eignir samtals** | | 28.297.709 | 27.656.418 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 250.000 | 250.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.153.857 | 3.153.857 |
| Annað bundið eigið fé | | 4.108.201 | 4.131.579 |
| Óráðstafað eigið fé | | 6.360.723 | 6.276.344 |
| Eigið fé | | 13.872.780 | 13.811.779 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 8.000.000 | 8.000.000 |
| Tekjuskattskuldbinding | 13 | 1.473.710 | 1.484.715 |
| Langtímaskuldir | | 9.473.710 | 9.484.715 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 380.479 | 444.276 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | | 2.675.536 | 2.058.077 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.145.841 | 1.066.927 |
| Skuldir við tengda aðila | | 67.079 | 113.198 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 176.733 | 182.958 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 505.551 | 494.488 |
| Skammtímaskuldir | | 4.951.219 | 4.359.923 |
| Skuldir samtals | | 14.424.928 | 13.844.638 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 28.297.709 | 27.656.418 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 31. mars 2018

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Annað bundið eigið fé: Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Óinnleystur hagnaður hlut-deildarfélaga | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 31. mars 2018** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2018 | 250.000 | 3.153.857 | 62.500 | 3.846.730 | 376.857 | (154.490) | 6.276.324 | 13.811.779 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | | (15.428) | 76.429 | 61.001 |
| Bundið vegna hlutdeildarfélaga | | | | | 40.549 | | (40.549) | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | (8.671) | | | 8.671 | 0 |
| Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna | | | | (39.828) | | | 39.828 | 0 |
| Eigið fé 31.3.2018 | 250.000 | 3.153.857 | 62.500 | 3.798.231 | 417.406 | (169.918) | 6.360.723 | 13.872.780 |
| **1. janúar til 31. mars 2017** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2017 | 250.000 | 3.153.857 | 62.500 | 4.122.522 | 295.951 | (165.582) | 4.852.702 | 12.571.950 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | | 6.185 | 224.944 | 231.129 |
| Bundið vegna hlutdeildarfélaga | | | | | 49.723 | | (49.723) | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | (11.798) | | | 11.798 | 0 |
| Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna | | | | (12.516) | | | 12.516 | 0 |
| Greiddur arður til hluthafa (3,00 kr. á hlut) | | | | | | | (750.000) | (750.000) |
| Eigið fé 31.3.2017 | 250.000 | 3.153.857 | 62.500 | 4.098.208 | 345.674 | (159.397) | 4.302.236 | 12.053.077 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2018

| | Skýr. | 2018<br>1.1.-31.3. | 2017<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | | 400.524 | 521.005 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | ( 5.350) | ( 8.106) |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 0 | ( 7.553) |
| | | 395.175 | 505.346 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, breyting | | ( 411.344) | ( 59.797) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | | ( 725.696) | ( 502.318) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | | 645.229 | ( 18.501) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 491.811) | ( 580.615) |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 19.434 | 27.849 |
| Greidd vaxtagjöld af skammtímaskuldum | | ( 1.724) | ( 43.715) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 87.105) | ( 72.536) |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 166.032) | ( 163.671) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | ( 170.581) | ( 200.431) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 7.238 | 29.748 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 163.343) | ( 170.683) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greidd vaxtagjöld langtímaskulda | | ( 86.032) | ( 95.755) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 86.032) | ( 95.755) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 415.407) | ( 430.109) |
| **Gengismunur af handbæru fé** | | 2.207 | 5.428 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 2.800.082 | 2.266.435 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 2.386.883 | 1.841.753 |

| | | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:** | | | |
| Arður til hluthafa | | 0 | ( 750.000) |
| Ógreiddur úthlutaður arður | | 0 | 750.000 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

N1 hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur. Samstæðureikningur N1 hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess EGO ehf. Vísað er til ofangreindra félaga í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum samstæðuársreikningi og ætti að lesa í samhengi við samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2017.

Stjórn N1 hf. samþykkti árshlutareikninginn 25. apríl 2018.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Í upphafi árs tóku gildi tveir nýir reikningsskilastölar, *IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini og IFRS 9 Fjármálagerningar.* IFRS 9 hefur lítil áhrif á samstæðuna miðað við núverandi starfsemi hennar. Breytist starfsemi samstæðunnar á næstunni, t.d. með aukinni áherslu á fjárfestingarstarfsemi, mun staðallinn eftir atvikum hafa áhrif á færslu og mat fjármálagerninga hennar. IFRS 15 nær til sölu á vörum og þjónustu og setur heildstæðan ramma um veitingu upplýsinga til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavini. Samkvæmt fimm skrefa tekjuskráningarlíkani IFRS 15 skal haga tekjuinnlausn á þann veg að hún endurspegli afhendingu vöru og þjónustu til viðskiptavinar og þar með flutning yfirráða til hans. Tekjulíkan IFRS 15 er því ólíkt eldri reglum þar sem tekjuinnlausn byggðist á yfirfærslu áhættu og ávinnings. IFRS 15 hafði ekki áhrif á árshlutareikninginn utan þess að tekjur eru sundurliðaðar ýtarlegar en gert var í fyrri árshlutareikningum, sjá skýringu nr. 8.

## 4. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 5. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 6. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. fjórðungi ársins en á 1. og 4. fjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. fjórðungs en í lok 2. og 3. fjórðungs.

## 7. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti samstæðunnar. Starfsþættir eru ákvarðaðir af forstjóra félagsins sem yfirfer reglulega starfsþætti samstæðunnar til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfsþátta eru heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verð á vöru og þjónustu sem seld er milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

| **Fyrsti ársfjórðungur 2018** | **Fasteignasvið** | **Rekstrarsvið** | **Jöfnunar-færslur** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ................................................ | 0 | 7.983.187 | 0 | 7.983.187 |
| Aðrar tekjur .................................................... | 511.999 | 105.504 | (511.999) | 105.504 |
| Heildartekjur starfsþátta .................................. | 511.999 | 8.088.691 | ( 511.999) | 8.088.691 |
| | | | | |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta ....................... | (103.658) | (8.096.508) | 511.999 | (7.688.167) |
| EBITDA starfsþátta .......................................... | 408.341 | ( 7.817) | 0 | 400.524 |
| Afskriftir starfsþátta ........................................ | (147.343) | (100.526) | 0 | (247.869) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga .................................... | 0 | 29.518 | 0 | 29.518 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta ............................. | 260.998 | ( 78.825) | 0 | 182.173 |
| | | | | |
| Hrein fjármagnsgjöld ........................................ | | | | (93.441) |
| Tekjuskattur ..................................................... | | | | (12.303) |
| Hagnaður tímabilsins ........................................ | | | | 76.429 |
| | | | | |
| **31.3.2018** | | | | |
| Eignir starfsþátta ............................................ | 14.897.602 | 11.013.224 | 0 | 25.910.826 |
| Óskiptar eignir .................................................. | | | | 2.386.883 |
| Eignir samtals .................................................. | | | | 28.297.709 |
| | | | | |
| Óskiptar skuldir ................................................ | | | | 14.424.928 |
| | | | | |
| Fjárfestingar .................................................... | 32.326 | 138.255 | 0 | 170.581 |
| Afskriftir .......................................................... | (147.343) | (100.526) | 0 | (247.869) |

# Skýringar, frh.:

## 7. Starfsþáttayfirlit, frh.:

| Fyrsti ársfjórðungur 2017 | Fasteignasvið | Rekstrarsvið | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 0 | 6.977.970 | 0 | 6.977.970 |
| Aðrar tekjur | 462.549 | 102.757 | (462.549) | 102.757 |
| Heildartekjur starfsþátta | 462.549 | 7.080.727 | ( 462.549) | 7.080.727 |
| | | | | |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (82.632) | (6.939.639) | 462.549 | (6.559.722) |
| EBITDA starfsþátta | 379.917 | 141.087 | 0 | 521.005 |
| Afskriftir starfsþátta | (135.964) | (106.998) | 0 | (242.962) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 49.723 | 0 | 49.723 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta | 243.953 | 83.812 | 0 | 327.766 |
| | | | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | (58.618) |
| Tekjuskattur | | | | (44.205) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 224.944 |
| | | | | |
| **31. mars 2017** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 13.703.575 | 10.239.569 | 0 | 23.943.144 |
| Óskiptar eignir | | | | 1.841.753 |
| Eignir samtals | | | | 25.784.897 |
| | | | | |
| Óskiptar skuldir | | | | 13.731.819 |
| | | | | |
| Fjárfestingar | 40.289 | 160.142 | 0 | 200.431 |
| Afskriftir | (135.964) | (106.998) | 0 | (242.962) |

## 8. Sala

| | 2018<br>1.1.-31.3. | 2017<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 5.602.096 | 4.682.342 |
| Aðrar vörur | 2.381.091 | 2.295.628 |
| Sala samtals | 7.983.187 | 6.977.970 |

Tekjur greinast þannig eftir viðskiptavinum :

| | | |
|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 934.058 | 657.133 |
| Samgöngur | 978.273 | 317.654 |
| Verktakar | 492.945 | 418.099 |
| Erlend sala | 456.303 | 485.832 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 5.121.608 | 5.099.251 |
| | 7.983.187 | 6.977.970 |

## 9. Framlegð af vörusölu

| | 2018<br>1.1.-31.3. | 2017<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 1.216.729 | 1.232.123 |
| Aðrar vörur | 1.065.554 | 1.073.120 |
| Framlegð af vörusölu samtals | 2.282.283 | 2.305.243 |

## 10. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | | 2018<br>1.1.-31.3. | | 2017<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 88.731 | | 269.148 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,0% | ( 17.746) | 20,0% | ( 53.830) |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 0,3% | ( 309) | 0,1% | ( 136) |
| Óskattskyldar tekjur af eignarhlutum | ( 6,5% ) | 5.753 | ( 3,6% ) | 9.777 |
| Aðrir liðir | 0,0% | 0 | 0,0% | ( 16) |
| Virkur tekjuskattur | 13,9% | ( 12.303) | 16,4% | ( 44.205) |

## 11. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 31.3.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 189.574 | 34.627 |
| Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera | 59.794 | 64.021 |
| Aðrar skammtímakröfur | 142.015 | 38.204 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 391.383 | 136.852 |

## 12. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 31.3.2018 | | 31.12.2017 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vaxtakjör | Bókfært verð | Vaxtakjör | Bókfært verð |
| Óverðtryggt lán í ISK með breytilegum vöxtum. | 5,1% | 8.000.000 | 5,1% | 8.000.000 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | | 8.000.000 | | 8.000.000 |

### Afborganir óverðtryggðs langtímaláns greinast þannig á næstu ár:

| | 31.3.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Árið 2021 | 68.000 | 68.000 |
| Árið 2022 | 408.000 | 408.000 |
| Til greiðslu síðar | 7.524.000 | 7.524.000 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 8.000.000 | 8.000.000 |

# Skýringar, frh.:

## 13. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í lok tímabilsins:

| | 31.3.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 959 | 4.496 |
| Birgðir | 0 | 1.660 |
| | 959 | 6.156 |
| **Skuldir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 1.450.964 | 1.464.297 |
| Óefnislegar eignir | 22.577 | 23.592 |
| Birgðir | 1.027 | 0 |
| Óinnleystur gengismunur gjaldmiðla | 100 | 2.983 |
| | 1.474.668 | 1.490.872 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 1.473.710 | 1.484.715 |

## 14. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

| | 2018<br>1.1.-31.3. | 2017<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða: vörunotkun* / meðalstaða vörubirgða á tímabilinu | 7,49 | 6,11 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: meðalstaða viðskiptakrafna á tímabilinu / seldar vörur og þjónusta * | 32 | 33 |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu | 17,5% | 22,6% |
| Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu | 47,9% | 46,2% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu | 20,5% | 18,3% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu | 18,7% | 17,3% |
| | **31.3.2018** | **31.12.2017** |
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall: Veltufjármunir / skammtímaskuldir | 1,87 | 1,96 |
| Lausafjárhlutfall: (Veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir | 1,21 | 1,30 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir ** / EBITDA *** | 1,48 | 1,38 |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn | 49,0% | 49,9% |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma* / meðalstaða eigin fjár á tímabilinu | 2,2% | 16,1% |

* Rekstrarfjárhæðir eru reiknaðar á ársgrundvelli.

** Meðalstaða nettó vaxtaberandi skulda er meðalstaða síðastliðins árs

*** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða